

139. löggjafarþing 2010–2011.
Þskj. 000 — 200. mál.

Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar

Nefndin leggur til að umtalsverðar breytingar verði gerðar á lögum nr. 63/1989 um Hagþjónustu landbúnaðarins. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 er stofnunin með sérstakan fjárlagalið, 04-487. Henni eru ætlað 24,9 millj. kr. framlag á fjárlögum 2011, umfram tekjur, en hún hefur áætlaðar sértekjur að fjárhæð 3,1 millj. kr. Eins og fjárheimildir bera með sér er Hagþjónustan litil stofnun. Þar eru einungis 2,75 stöðugildi.

Hinn 14. apríl 2010 setti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á fót vinnuhóp til að fara yfir starfsemi stofnunarinnar og gera tillögur um það hvernig hún gæti best þjónað landbúnaðinum. Í hópnum áttu sæti fulltrúar frá ráðuneytinu, Landbúnaðarháskóla Íslands, Bændasamtökum Íslands og Hagstofu Íslands. Hópnum var ætlað að leggja mat á starfsemi stofnunarinnar og gera tillögur um mögulegar breytingar á starfsemi hennar. Markmið starfsins var að framtíðarfyrirkomulag stofnunarinnar verði í senn skilvirkt og hagkvæmt, en gera verði ráð fyrir því að núverandi fjárhagsrammi hennar geti skerst enn frekar.

Í minnisblaði vinnuhópsins dags. 28. júní 2010 eru lögbundin markmið í rekstri stofnunarinnar tilfærð og reifað hvernig þau hafi tekist um næstliðin ár. Gerð var athugasemd um að stofnunin hefði ekki sinnt að öllu leyti hlutverki sínu skv. 1.-3. mgr. 2. gr. laganna, en Bændasamtökin hafi þau verkefni með höndum, þ.e. veiti bókhaldsleiðbeiningar til bænda o.fl. Þá er rakið hvernig íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir umfangsmiklum breytingum, sem munu kalla á þörf á ráðgjöf og öflun hagtalna, á nýjum sviðum. Jafnframt er gerð grein fyrir starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands, t.d. á sviði skipulagsþróunar og byggðapróunar. Sökum þess hversu Hagþjónusta landbúnaðarins er aðkreppt fjárhagslega og í ljósi mögulegra samlegðaráhrifa af starfi hennar, ef sameinuð yrði öðru stjórnvaldi, gerði vinnuhópurinn tillögur að þremur leiðum til stefnumörkunar. Í fyrsta lagi að verkefni stofnunarinnar yrðu lögð til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, í öðru lagi að stofnunin verði sameinuð nýrri „Greiðslustofnun landbúnaðarins“ og/eða Matvælastofnun og loks í þriðja lagi að hún verði rekin með óbreyttu fyrirkomulagi.

Vinnuhópurinn taldi að óbreytt fyrirkomulag um rekstur stofnunarinnar væri „tæplega kostur í stöðunni“. Bent var á að blikur væru um auknar niðurfærslur fjárlagaheimilda á komandi árum og að óvissa væri um sértekjur stofnunarinnar, en stærsti liður þeirra, þ.e. framlög samkvæmt samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti um færslu lögbýlaskrár, yrði mögulega ekki framlengdur. Þá aðeins væri unnt að mæla með óbreyttu fyrirkomulagi ef framlög til stofnunarinnar yrðu stóraukin.

Að framangreindu virtu fór sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þess á leit við efnahags- og skattanefnd að hún mælti fyrir breytingum á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, sem fælu í sér að stofnunin yrði lögð niður og verkefni hennar lögð til ráðherra, sem síðan geri samning um framkvæmd þeirra við stjórnvöld hverju sinni.

Með því er mögulegt að tryggja framtíðartilhögun á verkefnum Hagþjónustunnar með sveigjanlegum hætti. Um leið verði eðlilegar breytingar gerðar á markmiðum hagrannsókna í landbúnaði, eins og þeim er lýst í lögum um stofnunina. Gert er ráð fyrir því Landbúnaðarháskóli Íslands taki við verkefnum stofnunarinnar að miklu leyti. Þegar er í gildi þjónustusamningur milli ráðuneytisins og háskólans um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar, fyrir árin 2009-2012. Hægast er að endurskoða þann samning um þetta málefni, eða gera nýjan sérsamning. Gert er ráð fyrir því að fjárlagaliðurinn 04-487 verði til þessara nota.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi
BREYTINGUM:

1. Á eftir XV kafla laganna kemur nýr kafli, XVI. kafli, **Breyting á lögum nr. 63/1989 um Hagþjónustu landbúnaðarins**, svohljóðandi:
 - a. (27. gr.) Bókstafurinn H í heiti laganna verður ritaður með litlum staf.
 - b. (28. gr.) Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Yfirstjórn**.
 - c. (29. gr.) 1. gr. laganna verður svohljóðandi:
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.
 - d. (30. gr.) 2. gr. laganna breytist þannig:
 - A. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skal hlutast til um hagþjónustu í landbúnaði, sem hefur svolátandi hlutverk:
 - B. 1.-3. mgr. fellur brott.
 - e. (31. gr.) II. kafli laganna fellur brott.
 - f. (32. gr.) Við lögina kemur nýr kafli, II. kafli A, **Framkvæmd hagþjónustu landbúnaðarins**, kaflinn er ein grein, 3. gr. a., svohljóðandi:
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt að gera þjónustusamning um framkvæmd verkefna samkvæmt lögum þessum við Landbúnaðarháskóla Íslands, Hagstofu Íslands, Háskóla Íslands eða annan hæfan aðila.
 - f. (33. gr.) 2. og 3. mgr. 6. gr. falla brott.
 - g. (34. gr.) 7.-8. gr. fellur brott.
 - h. (35. gr.) 9. gr. laganna breytist þannig:
A. Orðin „Stjórn og starfsmönnum Hagþjónustu landbúnaðarins“ falla brott og í staðinn koma orðin: Þeim sem sinna verkefnum skv. 2. gr.
 - i. (36. gr.) 10. gr. laganna verður svohljóðandi:
Skylt er að veita þeim sem sinna verkefnum skv. 2. gr. þær upplýsingar sem þeir óska eftir og þeir þurfa á að halda vegna verkefnanna. Njóta þeir í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.
 - j. (37. gr.) Orðin „þar sem m.a. er kveðið á um samstarf og samvinnu Hagþjónustu landbúnaðarins og búvísindadeildar Landbúnaðarháskóla Íslands“ í 11. gr. laganna falla brott.
 - k. (38. gr.) Störf hjá Hagþjónustu landbúnaðarins eru lögð niður frá og með 1. júlí 2011. Ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn, eftir því sem við á.
2. XVI. kafli laganna verður XVII kafli. Þá verður 27. gr. laganna að 39 gr. Við upptalningu e. liðar þeirrar lagagreinar bætist: 27.-38.

Alþingi, dags..

[meðmæltir þingmenn]

<http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/0001.pdf> (fjárlög –stór pdfskrá)

<http://www.althingi.is/altext/136/s/0404.html> (til hliðsjónar)